

Sp.

875. Svar

[337. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um greiðslur fyrir lyf og lækniþjónustu.

Ráðuneytið leitaði til Tryggingastofnunar ríkisins til þess að reyna að fá svar við fyrirspurninni. Þar að auki var stuðst við þau gögn sem til eru í ráðuneytinu, í lyfjamáladeild og skrifstofu fjármála.

Upplýsingarnar, sem gefnar eru, eru með eftirfarandi takmörkunum:

1. Þær eru allar byggðar á einstökum könnunum þar sem reynt er að leiða út hlutfallslega þátttöku sjúklinga.
 2. Engar upplýsingar eru til um hlutdeild sjúklinga í röntgengreiningu.
 3. Hlutdeild í lyfjakostnaði er ekki unnt að skipta í innlend og erlend sérlyf.
 4. Sundurliðun milli öryrkja og ellilífeyrisþega er ekki fyrir hendi og engar upplýsingar eru til um þátttöku þeirra í kostnaði af þjónustu heilsugæslu- og heimilislækna.
 5. Þar sem reikningar sjúkrasamlaga og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir árið 1987 liggja ekki fyrir er um meiri ágiskun að ræða varðandi árið 1987 en árið 1986 og hvað árið 1988 varðar er tekið tillit til reglugerðar um greiðslu sjúklinga fyrir læknishjálp og lyf.
- Svar við fyrirspurninni verður því þannig:

**Áætlaður hluti sjúklinga, viðskiptamanna sjúkrasamlaganna,
árin 1986, 1987 og 1988.**

Heildargreiðslur sjúklinga í millj. kr.	1986	1987	1988
1. Fyrir þjónustu heilsugæslu- og heimilislækna	55	60	80
2. Fyrir sérfræðilæknishjálp	82	95	130
3. Fyrir lyf sem samlög taka þátt í	210	244	300
Þar af hluti elli- og örorkulífeyrisþega:	1986	1987	1988
1. Fyrir sérfræðilæknishjálp	3.8	4.3	5.1
2. Fyrir lyf sem samlög taka þátt í	28	34	39